

Har. *Birgir* Haraldsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Rangárþing ytra  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella



Reykjavík 5. Ágúst 2015  
UST201506-141/H.G.G.  
10.04.03

**Efni: Tillaga að deiliskipulagsbreytingu í landi Svínhaga, Rangárþingi ytra.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 15. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagsbreytingu lóðar SH17 í landi Svínhaga, Rangárþingi ytra.

**Skipulagssvæðið**

Samkvæmt greinargerð felur tillagan í sér breytingu á byggingareit og aðkomuvegi innan lóðar SH17, landnr. 218364. Gert er ráð fyrir tveimur byggingareitum í stað eins áður og allt að 200 m íbúðarhúsi í 36 m fjarlægð frá Selundslæk á öðrum reitnum (B1). Skv. bréfi dagsettu 8. maí 2015 veitti Umhverfis- og auðlindaráðuneytið undanþágu frá ákvæði 5.3.2.14 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, sem kveður á um að utan þéttbýlis skuli ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemd við tillöguna að þessu leyti. Skv. fyrrgreindu bréfi nær undanþágan þó aðeins til íbúðarhússins en ekki smáhýsa á hinum byggingareitnum (B2).

Virðingarfyllst

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur